

5. fundur skólanefndar ársins 2013 vegna Undralands, haldinn 22. október 2013 í leikskólanum, kl. 16.00. 22. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Kolbrún Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldra, Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri og Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

Dagskrá:

- 1. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir næsta rekstrarár.**
- 2. Skólanámskrá.**
- 3. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna og þá sérstaklega nýjan fulltrúa foreldra. Gengið var til dagskrár.

1. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir næsta rekstrarár.

Formaður fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá leikskólans fyrir árið 2014. Í áætluninni er gert ráð fyrir að rekstur Undralands kosti 57 milljónir kr. sem er svipuð niðurstaða og áætlun fyrir yfirstandandi rekstrarár gerir. Lagt er til að gjaldskrá vegna vistunar hækki um 5% og vegna mótuneytis um 10%. Gert er ráð svipuðum barnafjölda og nú er.

Skólanefnd samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir leikskólann Undraland fyrir árið 2014.

2. Skólanámskrá.

Leikskólastjóri lagði fram til samþykktar, skólanámskrá Undralands, en hún var lögð fram til kynningar á síðasta fundi nefndarinnar. Skólanefnd samþykkir námsskránnu sem verður aðgengileg á heimasíðu leikskólans, www.undraland.is.

3. Önnur mál.

a. Fundartími nefndarinnar. Málið rætt. Samþykkt að funda að jafnaði síðasta miðvikudag hvers mánaðar kl. 15.00.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.30.